

Föstudaginn 23. janúar 1998.

Nr. 14/1998.

Magnús Benediktsson

(Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.)

gegn

Jóhanni Karli Benediktssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnis-meðferðar. Hann krefst jafnframt málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Nokkur ný gögn fylgdu kæru málsins. Meðal þeirra er afrit bréfs sýslumannsins á Ísafirði til varnaraðila 4. janúar 1995. Segir þar, að með bréfinu fylgi skuldabréf það, sem um ræðir í málinu, en veði í fasteign sóknaraðila nr. 4 við Fitjateig á Ísafirði vegna skuldar við Lífeyrissjóð Vestfirðinga hafði þá verið aflýst. Varnaraðili hefur ekki lagt skuldabréfið fram í málinu.

Fallist verður á með sóknaraðila, að ekki séu þeir annmarkar á málalíbúnaði hans, sem varði því, að vísa beri málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Verður varnaraðila jafnframt gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Jóhann Karl Benediktsson, greiði sóknaraðila, Magnúsi Benediktssyni, samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997.

1. Mál þetta er höfðað af Magnúsi Benediktssyni, kt. 100844-3469, Hringbraut 128 m, Keflavík, með stefnu, birtri 29. september 1997, á hendur Jóhanni Karli Benediktssyni, kt. 291245-3589, Bauganesi 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 261.866 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. 12. 1994 til greiðsludags og málskostnaði. Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum málflutningi um aðalkröfu stefnda 27. fyrra mánaðar. Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfu yrði hrundið og að tillit yrði tekið til þess við ákvörðun málskostnaðar.

2. Stefnandi kveður skuldina vera svo til komna, að hann hafi lánað stefnda veð í fasteign sinni að Fitjateigi 4, Hnífsdal, Ísafjarðarbæ, til tryggingar láni, sem stefndi tók hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga. Þegar fasteign stefnanda hafi verið seld í desember 1994, hafi hann beðið stefnda að aflétta láninu af fasteigninni, en þar sem stefndi hafi ekki orðið við þeirri kröfu, hafi stefnandi verið til neyddur að greiða skuld stefnda við Lífeyrissjóð Vestfirðinga, að fjárhæð 261.866 krónur, sem er stefnufjárhæð máls þessa. Stefndi hafi ekki greitt skuld sína þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um, og því beri nauðsyn til málsóknar þessarar.

Í stefnu undir fyrirsögninni „Tilvísun til helstu lagaákvæða“ segir, að stefnandi reisi kröfu sína á almennum reglum kröfuréttarins um endurkröfurétt (regress). Að auki er vísað til III. kafla vaxtalaga og um málskostnaðarkröfu til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Gögn, sem stefnandi leggur fram til stuðnings kröfu sinni, eru tvær greiðslukvittanir Landsbankans á Ísafirði, dags. 13. desember 1994, á nafni stefnda vegna skuldabréfs nr. 7658, afborgun gjalddaga 20. ágúst 1994, samtals 79.291,60 krónur, og uppgreiðsla bréfsins, 182.574,10 krónur. Að auki

eru afrit fjögurra innheimtubréfa lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 6. og 26. ágúst 1996 og 23. janúar og 6. maí 1997.

3. Frávísunarkrafa stefnda er reist á því, að málatilbúnaður stefnanda sé allur í þoku. Stefnandi tjái sig ekkert um efni samningsins við stefnda, t. d., hvort hann hafi verið tímabundinn, uppsegjanlegur o. s. frv. Hann útskýri ekki, af hverju stefnda hafi verið skylt að verða við beiðninni um að greiða sér. Hann útskýri ekki heldur, á hverju vaxtakrafan byggist. Tilvísun stefnanda til almennra reglna kröfuréttarins um endurkröfurétt vísi ekki til neinna atvika málsins, og ekki sé ljóst, við hvaða reglur sé átt; til þess sé tilvísunin of almenn. Stefnandi haldi ekki fram neinum atvikum eða réttarreglum, sem geti leitt til þess, að kröfur hans verði teknar til greina. Engin tenging sé milli atvika og krafna, sem hægt sé að kalla málsástæður. Málatilbúnaður þessi sé svo brýnt brot á 80. gr. laga nr. 91/1991, að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi.

Rök stefnanda fyrir því, að hafna beri frávísunarkröfunni, eru þau, að málið sé einfalt, þ. e. endurkrafa um fjárhæð, sem hann hafi orðið að greiða vegna veðábyrgðar, og sé það því nægilega reifað.

4. Fallist er á frávísunarrök stefnda. Samkvæmt því felur málatilbúnaður stefnanda í sér svo brýnt brot á 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, staflíðum e og f, að þess vegna beri að vísa málinu frá dómi. Að auki er umrætt skuldabréf ekki lagt fram eða áskilnaður gerður um öflun þess, sbr. g-lið 80. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða málsins er samkvæmt þessu sú, að vísa ber málinu frá dómi. Stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Magnús Benediktsson, greiði stefnda, Jóhanni Karli Benediktssyni, 40.000 krónur í málskostnað.